

Fundargerð 66. fundar

verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum

Árið 2021, föstudaginn 20. ágúst kl. 11:00 kom Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Viggó Gunnarsson, Steinþór Þórðarson, Ína Björk Ársælsdóttir, Friðrik Klingbeil Gunnarsson, Hrefna Bryndís Jónsdóttir og Freyr Ævarsson.

Að auki sátu fundinn Guðjón Bragason sviðsstjóri, Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 65. fundar - 2009015SA

Fundargerð verkefnisstjórnar um hagsmunagæslu í úrgangsmálum, dags. 11. júní sl., lögð fram til samþykktar.

Fundargerð er samþykkt samhljóða.

2. Samningur SFS og Úrvinnslusjóðs um veiðarfæraúrgang - 2106007SA

Á fundi Úrvinnslusjóðs þann 27. maí voru kynnt upp færð drög að nýjum samningi Úrvinnslusjóðs og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi (SFS) um móttöku veiðarfæraúrgangs. Áætlað er að samningurinn muni koma í stað samnings sem hefur verið í gildi frá 2006. Á fundi 11. júní sl. fengu verkefnisstjórnin og Hafnarsamband Íslands sameiginlega kynningu á drögunum og ræddu þau. Verkefnisstjórnin fól fulltrúum sambandsins að fylgja eftir ákveðnum ábendingum sem fram komu á fundinum. Fulltrúar sambandsins í stjórn Úrvinnslusjóðs fóru yfir framgang málsins.

Farið var yfir stöðu við gerð nýs samnings milli Úrvinnslusjóðs og SFS um ráðstafanir til að tryggja móttöku og viðeigandi úrvinnslu veiðarfæraúrgangs. Í ljósi reynslunnar hafa fundarmenn efasemdir um að staðið verði við samninginn á fullnægjandi hátt þegar kemur að móttöku og endurvinnslu veiðarfæra og telja mjög mikilvægt að ef af samningi verði þá sé tryggt að SFS taki við allri þeirri ábyrgð er sveitarfélög hefðu annars borið vegna veiðarfæraúrgangs. Verkefnisstjórnin mun taka málið aftur fyrir á næsta fundi.

3. Breytingar á skipan verkefnisstjórnar - 2009015SA

Stjórn sambandsins samþykkti tillögu að breyttri skipan verkefnisstjórnar á fundi sínum þann 11. júní sl. Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri SORPU bs. tekur sæti sem aðalmaður í verkefnisstjórn og tekur sæti formanns. Einnig taka sæti sem varamenn Rut Jónsdóttir forstöðumaður umhverfis- og sorpdeildar á Umhverfis- og mannvirkjasviði Akureyrarbæjar og Guðmundur Tryggvi Ólafsson

rekstrarstjóri endurvinnslustöðva SORPU bs. Lagt fram til kynningar minnisblað, dags. 9. júní sl., um tilnefningu aðalmanns og varamanna í verkefnisstjórn um úrgangsmál.

Stjórnarmenn fóru yfir hvaða leiðir væru til staðar til að auka virkni og upplýsingagjöf til bæði varamanna verkefnisstjórnarinnar sem og til starfsmanna og kjörinna fulltrúa í sveitarfélögum. Er þetta sérstaklega mikilvægt í ljósi þeirra miklu breytinga sem eru framundan í úrgangsmálum. Samþykkt að halda þeirri umræðu áfram á næsta fundi.

4. Ný lög og stefna vegna innleiðingar hringrásarhagkerfis - 2101066SA

Lög um breytingu á lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum um meðhöndlun úrgangs og lögum um úrvinnslugjald (EES-reglur, hringrásarhagkerfi) tóku gildi 13. júní nk. Í þeim er gert ráð fyrir að auknar kröfur til meðhöndlunar úrgangs, sem tilgreindar eru í lögnum, verði innleiddar fyrir 1. janúar 2023. Í tengslum við stefnu umhverfis og auðlindaráðherra í úrgangsmálum 2021-2032, „Í átt að hringrásarhagkerfi“, er unnið að gerð handbókar fyrir úrgangsstjórnun sveitarfélaga sem hefur það markmið að styðja sveitarfélög í þeim breytingum í úrgangsstjórnun sem framundan eru. Jafnframt er unnið að úttekt á breyttri innheimtu sveitarfélaga fyrir meðhöndlun úrgangs. Málið var áður á dagskrá verkefnisstjórnar 11. júní sl.

Verkefnisstjóri fór yfir framgang þessara mála. Í máli verkefnisstjóra kom fram að framundan sé stórt verkefni við innleiðingar á þeim breytingum er koma fram í lögum um innleiðingu hringrásarhagkerfisins sem samþykkt var nú í vor. Jafnframt að mikilvægt væri að samstillja þá vinnu sem væri í gangi til að undirbúa þessar breytingar. Samþykkt var að fara ítarlega yfir þessi mál síðar.

5. Samræming úrgangsflokkunar á höfuðborgarsvæðinu - 2009208SA

Samræming úrgangsflokkunar er sóknaráætlunarverkefni fyrir höfuðborgarsvæðið. Því er stýrt af starfshópi sem er skipaður fulltrúum frá öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu og fulltrúum frá SORPU bs. Hópnun er ætlað að vinna tillögur að samræmdu úrgangsflokkunarkerfi fyrir öll sveitarfélögin, ásamt tillögum að innleiðingu, mati á kostnaði og fyrirkomulagi grenndarstöðva. Stefnt er að því að hópurinn skili tillögum til stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í október 2021. Lagt fram til kynningar minnisblað svæðisskipulagsstjóra, dags. 25. júní sl. Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins og Valgeir Björnsson verkefnisstjóri verkefnisins kynntu verkefnið.

Fundarmenn fóru yfir sameiginlegan vilja til að hafa gott samstarf milli verkefnisstjórnarinnar og starfshópsins þar sem finna má samlegðaráhrif milli þessa verkefnis og gerð handbókar um úrgangsstjórnun sveitarfélaga sem er í vinnslu.

Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri höfuðborgarsvæðisins og Valgeir Björnsson voru gestir fundarins undir þessum lið.

Hrefna B. Jónsdóttir vék af fundi.

6. Stefna sambandsins - 2009015SA

Lagt fram til umræðu vinnuskjal, dags. 17. ágúst sl., um framgang áherslna í stefnumörkun sambandsins ásamt drögum að óskalista sem verkefnisstjórnin ræddi síðast á vinnufundi 7. janúar. Sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs og verkefnisstjóri kynntu vinnuskjalið.

Ákveðið að taka málið til ítarlegri umræðu á næsta fundi.

7. Meðhöndlun óendurvinnanlegs úrgangs og sóttmengaðs og annars áhættuúrgangs - 2009109SA

Forverkefni um hátæknibrennslu til orkunýtingar úrgangs hefur verið hrundið af stað með styrk frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu í tengslum við nýlega samþykktu stefnu ráðherra um meðhöndlun úrgangs 2021-2032. Skipaður hefur verið stýrihópur um verkefnið. Málið var áður á dagskrá verkefnisstjórnarinnar þann 26. apríl sl.

Steinþór Þórðarson framkvæmdarstjóri Kólku sorpeyðingarstöð sf., Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdarstjóri SORPU bs. og Eygerður Margrétardóttir verkefnisstjóri hjá sambandinu sem sitja í stýrihópnum sögðu frá verkefninu. Stýrihópurinn stóð fyrir kynningu á verkefninu ásamt vinnustofu þann 28. júní sl. Til stendur að halda annan kynningarfund um verkefnið þann 25. ágúst nk. með aðkomu sambandsins.

8. Önnur mál - 2009111SA

Næsti fundur verkefnisstjórnarinnar verður 20. september nk. kl. 11.

Fundi var slitið kl. 13:00

Jón Viggó Gunnarsson

Steinþór Þórðarson

Ína Björk Ársælsdóttir

Friðrik Klingbeil Gunnarsson

Hrefna Bryndís Jónsdóttir

Freyr Ævarsson